Nd. **198. Nefndarálit** [4. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1958.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið saman við ríkisreikninginn. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa vísað til aðgerða Alþingis athugasemdum nr. 17—22, er þeir hafa gert viðkomandi rekstri ríkisútvarpsins og Viðtækjaverzlunar ríkisins, og enn fremur athugasemdum nr. 48—51, varðandi Tryggingastofnun ríkisins, atvinnuleysistryggingasjóð og lífeyrissjóð togarasjómanna. Fjárhagsnefnd telur rétt að beina því til ríkisstjórnarinnar að taka þessi atriði sérstaklega til athugunar.

Einn nefndarmanna (SI) var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 9. des. 1960.

Birgir Kjaran, form., frsm. Jóhann Hafstein. Skúli Guðmundsson.

Einar Olgeirsson.